



Alþingi  
Erindi nr. P 138/926  
komudagur 20.1.2010

Alcoa Fjarðaál sf

Hraun 1  
730 Reyðarfjörður  
Sími: +354 470 7700  
Fax: +354 470 7701  
www.alcoa.is

Fjarðabyggð 17.janúar 2010.

Skrifstofa Alþingis  
Nefndasvið/Skjalaskráning  
150 Reykjavík.

*Varðar þingskjal 13-13.mál. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.*

**Alcoa á Íslandi telur að þær aðgerðir sem bent er á í tillögunni til að auðvelda fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi séu skynsamlegar og mæiir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.**

Virðingarfyllst  
f.h Alcoa á Íslandi

  
Guðmundur Bjarnason, verkefnastjóri

Frumrit póstsent.



**Ferðamálastofa**  
**Icelandic Tourist Board**

Lækjargata 3 · 101 Reykjavík  
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501  
[upplýsingar@icetourist.is](mailto:upplýsingar@icetourist.is)  
[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)  
[www.ferdalaq.is](http://www.ferdalaq.is)

Strandgata 29 · 600 Akureyri  
Sími: 464-9990 · Fax: 464-9991  
[upplýsingar@icetourist.is](mailto:upplýsingar@icetourist.is)  
[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)  
[www.ferdalaq.is](http://www.ferdalaq.is)

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/983*  
*komudagur 25.1.2010*

Akureyri, 18. janúar 2010

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðferðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.**

**Þskj. 13 – 13. mál.**

Með tölvupósti þann 16. desember sl. óskaði Iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Ferðamálastofu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.

Ferðamálastofa er sammála því að þörf sé á atvinnuuppbyggingu og gjaldeyrisskapandi iðnaði á Íslandi. Ferðamálastofa leggur áherslu á að ekki sé slegið af kröfum. Góð og traust stjórnsýsla leiðir til faglegrar umfjöllunar og dregur úr mögulegum mistökum.

Ferðamálastofa er hlynnt erlendum fjárfestingum á Íslandi en brýnir fyrir stjórnvöldum að aðgerðir séu í sátt við ferðapjónustuna í landinu. Að öðru leyti tekur Ferðamálastofa ekki afstöðu til innihalds þingsályktunarinnar.

Með bestu kveðju,

  
\_\_\_\_\_  
Helena Þ. Karlsdóttir, lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Fjárfestingarstofu hefur borist beiðni um umsögn við tillögu til þingsályktunar í þskj. 13 um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.

Stjórn Fjárfestingarstofu hefur á undanförnum misserum vakið athygli á þeim atriðum sem gætu orðið til að auka árangur og fjölbreytni beinnar erlendrar fjárfestingar hér á landi og fagnar því fram kominni þingsályktunartillögu um leið og því er haldið til haga að nokkur þeirra atriða sem minnst er á eru nú þegar komin í vinnslu hjá núverandi ríkisstjórn.


Þannig er nefnd um rammalöggjöf fyrir ívilnanir að ljúka störfum á næstu vikum og ætti því að skapast möguleiki á að leggja frumvarp fyrir alþingi um þetta mál á komandi vorþingi. Þá er orkustefnunefnd að störfum auk þess sem rammaáætlun um orkunýtingu og náttúruvernd er í lokavinnslu.

Eftir stendur hins vegar:

- a) Nauðsyn þess að koma á kerfi þar sem sveigjanleiki verður meiri í orkuafhendingu,
- b) Þörfin fyrir það að tiltekin landssvæði verði skilgreind fyrir iðnaðarsvæði og þau verði metin út frá tilteknu álagi til að stytta umhverfismatsferlið svo sem kostur er.
- c) Brýn spurn eftir aukinni þrepaskiptingu í orkudreifingartöxtum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru í orkuháðri framleiðslu.
- d) Óskir um sveigjanlegri reglur varðandi beintengingu iðnfyrirtækja við jarðvarma-veitur þar sem framleiðslan nýtir fjölbætta orkustrauma slíkra veitna, samanber áður sendar tillögur til iðnaðarnefndar fyrir á árinu.

Reykjavík 30 des.2009

f.h. verkefnisstjórnar Fjárfestingarstofu

  
Þóður H. Hilmarsson  
Forstöðumaður.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 16.12.2009  
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi, þskj. 13 - 13. mál**

Að beiðni Iðnaðarnefndar Alþingis er hér með látin í té nefðangreind umsögn Landsvirkjunar um þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi, þskj. 13 - 13. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 –2010.


Í tillögunni kemur fram að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum til að auðvelda erlenda fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi: a) setningu rammalöggjafar um fjárfestingar erlendra aðila, b) gerð áætlunar um orkuafhendingu til að minnsta kosti fimm ára og c) endurskoðun lagaákvæða um ferli mats á umhverfisáhrifum.

Landsvirkjun tekur undir efni tillögunar og telur að sú skoðun og athugun sem fram verður að fara, verði tillagan samþykkt, sé jákvæð, einkum þegar litið er til framtíðar orkuafhendingar og endurskoðunar lagaákvæða um ferli mats á umhverfisáhrifum. Þýðingarmikið er jafnframt að til sé almenn rammalöggjöf hér á landi um aðstoð vegna erlendrar fjárfestingar hér á landi sem komi í stað svonefndra heimildarlaga og fjárfestingarsamninga af hálfu ríkisins í hverju tilviki fyrir sig.

Virðingarfyllst



Hörður Arnarson  
forstjóri



Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. desember 2009  
Tilvísun: 2009120014  
Bréfalykill: 50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi, 13. mál.**

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 16. desember 2009, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi, 13. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér framangreinda tillögu til þingsályktunar. Orkustofnun tekur hins vegar ekki afstöðu til a. og c. lið tillögunnar, án þess að draga úr mikilvægi þeirra þátta sem þar er fjallað um. Hvað varðar b. lið tillögunnar vill Orkustofnun koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í greinargerð með umræddri tillögu segir m.a. að mikill óvissuþáttur við ákvörðun fyrirtækja um að staðsetja sig á Íslandi er afhending orku. Er bent á að í dag er ekki hægt með neinni vissu að tiltaka áætlaðar dagsetningar orkuafhendingar sem er algerlega óviðunandi fyrir fjárfesta og að það virðist með öllu óljóst hver stefna ríkisstjórnarinnar er í orkumálum. Einnig sé mikilvægt að fyrir liggi skýrar upplýsingar um það hvert framboð af orku sé fyrir þá erlendu fjárfesta sem hafa áhuga á að staðsetja sig hér á landi.

Orkustofnun bendir á að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að mótuð skuli heildstæð orkustefna sem skuli miða að því að endurnýjanlegir orkugjafar leysi innflutta orku af hólmi og að við orkuframleiðslu með vatnsafli og jarðvarma verði gætt varúðar- og verndarsjónarmiða. Þá er einnig kveðið á um að orkustefnan skuli styðja við fjölbreytt atvinnulíf, með áherslu á uppbyggingu vistvæns hátækniiðnaðar og að sjálfbær nýting verði höfð að leiðarljósi. Ennfremur segir í samstarfsyfirlýsingunni að ríkisstjórnin vilji efla græna atvinnustarfsemi, þar með talin verkefni þar sem hrein og endurnýjanleg orka er nýtt á sjálfbæran hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. Lögð verði áhersla á að kortleggja sóknarfæri Íslands í umhverfisvænum iðnaði og ýta undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum og hagstæðu orkuverði.

Með vísan til framanritaðs vekur Orkustofnun athygli á að iðnaðarráðherra hefur skipað sjö manna stýrihóp sem hefur það hlutverk að undirbúa og fjalla um efnistöð og framsetningu stefnumótunar á sviði orkumála. Samkvæmt skipunarbréfi ber stýrihópnum að fjalla m.a. um eftirfarandi atriði og gera tillögur um aðgerðir eftir því sem við á:

1. Ná heildarsýn yfir mögulegar orkulindir landsins, aðferðir og tækni við nýtingu þeirra, hugsanleg umhverfisáhrif og sjálfbærni nýtingarinnar ásamt rekstrarlegri og þjóðhagslegri hagkvæmni.

2. Fara sérstaklega yfir möguleika og hugsanlegar aðferðir stjórnvalda til þess að stjórna nýtingu orkunnar m.t.t. sjálfbærni, efnahagslegrar uppbyggingar og stöðugleika
3. Stýrihópurinn skal sérstaklega fjalla um möguleika á að nýta orkulindir og sérþekkingu okkar og reynslu á sviði orkumála til atvinnuuppbyggingar á næstu árum.
4. Stýrihópurinn skal skoða möguleika á samvinnu við aðrar þjóðir í orkumálum og gera tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að efla slíka samvinnu ef hagkvæmt er talið.
5. Stýrihópurinn skal gera tillögu að forgangsröðun á nýtingu orkunnar með hliðsjón af áherslum og markmiðum ríkisstjórnarinnar s.s. aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Móta skýra stefnu og markmið um minnkandi notkun jarðefnaeldsneytis og losun koltvísýrings með betri orkunýtni, orkusparnaði, hagrænum hvötum og með því að þróa og nýta vistvæna orkugjafa fyrir bifreiðar, tæki og skip
6. Meta stöðu Íslands með tilliti til orkuöryggis og viðbúnaðar til að bregðast við utanaðkomandi aðstæðum.
7. Kortleggja fræðslu og rannsóknir á sviði orkumála og gera tillögur um samráðsvettvang sem kanni möguleika á betri samhæfingu og samstarf mismunandi starfseininga.
8. Stýrihópurinn skal í starfi sínu leitast við að skilgreina og tímasetja markmið og kennistærðir þannig að hægt sé að mæla þróun og árangur á sviði orkunýtingar og minni umhverfisáhrifa.

Þá bendir Orkustofnun einnig á að vinna við II. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma stendur enn yfir og er þeirri vinnu ætlað að ljúka í ársbyrjun 2010. Er þeirri vinnu m.a. ætlað vinna að því að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Sérstök áhersla er lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt verður að því að leggja niðurstöðu rammaáætlunar fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu.

Með vísan til framanritaðs vill Orkustofnun vekja athygli á að stjórnvöld eru að vinna að þeim atriðum sem m.a. vísað er til í b. lið tillögunnar. Á grundvelli þeirrar vinnu, þ.e. niðurstöðu rammaáætlunar og mótun orkustefnu, er unnt að vinna með upplýstum hætti að umræddum staflið tillögunnar.

Hvað varðar beinar tengingar við virkjanir og skilgreiningu á stórnotendahugtaki raforkulaga, nr. 65/2003, þá er ítrekað að þau mál eru til skoðunar í endurskoðunarnefnd raforkulaga sem starfar á grundvelli bráðabirgðaákvæði XIII við raforkulög

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni tillögunnar.

  
Lára Ólafsson



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

Alþingi  
Grindi nr. P 138/797  
Tímudagur 17. 12. 2009

Akureyri 17. desember 2009

## Umsögn um þingsályktunartillögu

Þskj. 13 – 13. mál

### Umsagnaraðili: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Frumvarpið er þarft og brýnt og tekið er undir með flytjendum þess hvað varðar áherslur a, b og c, en á öðrum forsendum þó.

Þörf er á rammalöggjöf um fjárfestingar erlendra aðila sem setur skýrar leikreglur um ábyrgð og hlutverk þeirra og á hverju þeir þurfa að standa skil.

Þörf er á áætlun um orkuframleiðslu og nýtingu og þá um afhendingu þeirrar orku fram í tímann, helst lengur en fimm ár. Slík áætlun hlýtur að byggja á rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þar sem skýrt er hvað skuli vernda og hvað skuli nýta.

Þörf er á skýrum og ströngum reglum varðandi mat á umhverfisáhrifum þar sem ekkert svigrúm er til pólitískrar íhlutunar. Þar skal miðast við það besta sem gerist í heiminum og að Ísland verði í fararbroddi umhverfisverndar.

Að lokum þá er rétt að benda á að eins og tillagan segir þá ber að treysta grunnstoðir. Á Íslandi þrífst blómleg ferðaþjónusta sem með litum tilkostnaði getur skapað umtalsvert meiri tekjur en hún geir í dag. Þannig er rétt að hlúa að því sem við höfum í stað þess að eltast um alla koppa grundir með gylliboð við fjölbjóðleg stórfyrirtæki.

F.h. Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Edward H. Huijbens

Forstöðumaður

Erindi nr. P 138/846  
komudagur 23.12.2009

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, iðnaðarnefnd  
vt. Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. desember 2009 02-2009120986  
T-ums 55/09

**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi - 13. mál, þskj. 13.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 16. desember 2009 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi, 13. mál.

Tillagan kveður á um að Alþingi feli ríkisstjórninni að beita sér fyrir tilteknum aðgerðum til að auðvelda fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki tilefni til að gera athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/928  
komudagur 20.1.2010

**SVP**

Samtök verslunar og þjónustu  
Federation of Trade & Services

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10,

150, Reykjavík


18. janúar 2010

**Efni: tillaga til þingsályktunar (þskj. 13 – 13. mál) um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.**

Samtök verslunar og þjónustu (SVP) hafa fengið ofangreinda tillögu til umsagnar. Tillagan er í eðli sínu afar skynsamlegt skref til þess að vekja athygli á mikilvægi þess að ferli ákvarðanatöku hins opinbera verði einfaldað. Ennfremur er mikilvægt að samræmi sé í ákvörðunum sem miða að veitingu ívilnana til erlendra aðila sem hér vilja hefja rekstur.

SVP styður því umrædda tillögu enda verði vandað til gerðar rammalöggjafar um erlendar fjárfestingar og viðmiðanir m.t.t. orkuafhendingar og umhverfismats. Rétt er að við slíka vinnu komi fram sjónarmið allra helstu hagsmunaaðila.

F.h. SVP



Ólafur Reynir Guðmundsson,  
Lögfræðingur



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 138/925  
komudagur 20.1.2010

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2010

**Efni: Umsögn Tollstjóra um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi, 13. mál.**

Embætti Tollstjóra vísar í tölvupóst, dags. 16. desember 2009, þar sem Iðnaðarnefnd Alþingis óskar eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.

Ákvæði frumvarpsins snertir ekki starfsemi embættisins og þar af leiðandi hefur Tollstjóri ekki athugasemdir fram að færa.

*Virðingarfyllst,*  
F. h. tollstjóra

Karen Bragadóttir  
forstöðumaður tollasviðs

Alþingi  
Erindi nr. P 138/927  
komudagur 20.1.2010



Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
b/t. Brynhildar Pálmarsdóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi (13. mál).  
*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu þar sem iagt er til að Alþingi álykti um að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir aðgerðum til að auðvelda fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi.*

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að íslenskt atvinnulíf búi við virkt samkeppnisumhverfi og að rekstrarumhverfi hérlendis sé aðlaðandi fyrir fjárfesta, jafnt innlenda sem erlenda. Undir slíku umhverfi eru jafnframt tekjuöflunarmöguleikar ríkissjóðs að stórum hluta komnir. Í þeim efnum geta sértækari aðgerðir, líkt og ofangreind þingsályktunartillaga ber með sér, vissulega komið að gagni en að mati ráðsins skiptir mestu að hið almenna lagaumhverfi sé í senn gegnsætt og hagkvæmt.

Markmið höfunda þingsályktartillögunar er að ríkisstjórnin beiti sér fyrir hvetjandi aðgerðum fyrir erlenda fjárfesta. Viðskiptaráð er sammála því að þörf er á erlendum fjárfestingum inn í landið á þessum tímum og að breytinga er þörf til hvatningar á því. Er því vissulega ríkt tilefni til að taka undir þær tillögur sem lagðar eru fram, en eins og áður greinir ætti megináherslan að vera lögð á það að almennt lagaumhverfi til rekstrar sé hagkvæmt. Þar skiptir höfuðmáli að ekki sé ráðist í lítið ígrundaðar breytingar í fljótskrift, t.a.m. á skattkerfinu. Sú óvissa sem af slíkum breytingum leiðir er mein í beinum atvinnulífs og fjárfesta – stöðugleiki og einfaldleiki er þannig forsenda hagkvæms rekstrarumhverfis.

Þá skiptir einnig miklu að vernd erlendra fjárfestinga og fjárfesta sé betur tryggð hérlendis. Hvað það varðar er mikilvægt að lögð verði aukin vinna af hálfu utanríkisráðuneytisins í gerð fjárfestingarsamninga (Bilateral Investment Treaties, BIT's) við helstu viðskiptalönd. Samhliða því þyrfti að uppfæra lög um samningsbundna gerðardóma til samræmis við það sem helst gerist erlendis, en nógildandi lög eru frá árinu 1989. Viðskiptaráð Íslands hefur undanfarið ár í samstarfi við teymi sérfræðinga hvatt dómsmálaráðuneytið til leggja í slíka endurskoðun, en án árangurs.

Einföldun og hagræðing á nógildandi lögum og stöðugleiki lagaumhverfis er mun betur til þess fallin að virka hvetjandi á fjárfesta en sértækar aðgerðir. Slíkar aðgerðir duga skammt ef grunnurinn er skeikull. Mikilvægt er fyrir löggjafarvaldið að hafa það í huga í vinnu næstu missera. Með því einu og sér að einfalda t.a.m. skattakerfið í stað þess að flækja það má ná miklum árangri í þessum efnum og eru óhagkvæmar reglur um skattlagningu olíuvinnslu gott dæmi þar um. Einföldun ferla, langtímastefnumörkun og rammalöggjöf eru skref í rétta átt, en betur má ef duga skal ef hvatning til frekari fjárfestinga á í raun að leiða til fjárfestinga.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands